

## OECD-FAO Agricultural Outlook: 2005-2014

*Summary in Icelandic*

---

### OECD-FAO Horfur í landbúnaðarmálum: 2005-2014

*Útdráttur á íslensku*

Á því tímabili sem horfurnar ná yfir eykst heimsframleiðsla í landbúnaði hægar en á síðasta áratug, en búist er við áframhaldandi aukningu í neyslu á heimsvísu, sérstaklega vegna efnahagslegar frammistöðu og aukins fólksfjölda í þróunarríkjunum. Þetta endurspeglast í breytingum á hreinni viðskiptastöðu margra ríkja og vörutegunda á næstu tíu árum.

Samt sem áður heldur vöxtur í viðskiptum með landbúnaðarvörur áfram að vera undir væntingum í samanburði við viðskipti með aðrar vörur, sem er að miklu leyti vegna viðvaranleika mikilla viðskiptahindrana. Á sama tíma endurspeglar aukin hlutdeild þessarar starfsemi vöxt í suður-suður viðskiptum, með meiri útflutningi, bæði frá hefðbundnum sem og nýjum upprennandi útflytjendum í þróunarheiminum.

Enda þótt innflutningur þróunarríkjanna á landbúnaðarvörum sé vaxandi, verður þessu að hluta til mætt með auknum útflutningi frá ódýrum framleiðsluríkjum í þróunarheiminum. Fyrir vikið mun samkeppni á heimsvörumarkaði aukast á miðju tímabilinu. Þetta mun, ásamt greinilegri framleiðniaukningu á heimsvísu, leiða til frekari lækkunar á raunverði flestra landbúnaðarvara.

Við aðstæður þar sem þrýstingur á raunverð er niður á við verða bændur að vinna stöðugt að því að bæta hagkvæmni og framleiðni og myndu njóta góðs af endurbótum á stefnu sem stendur í vegi fyrir slíkri viðleitni. Lægra raunverð mun samt sem áður hugsanlega verða til hagsbóta fyrir þau ríki sem reiða sig á innflutning til að tryggja fæðuþörf sína.

Þar sem hraði aukningar í landbúnaðarframleiðslu í þróunarríkjunum í heild fer fram úr öðrum - aðallega OECD - ríkjum, fellur hlutur síðarnefndu ríkjanna í heimsframleiðslu varðandi flestar afurðir. Áframhaldandi framleiðniaukning styður við meiri framleiðslu í flestöllum ríkjum, en svæðisbundin aukning er viðbótarþáttur í þróunarheiminum.

Breytingar á eftirspurn eru lykilkrafturinn á bak við vaxandi mikilvægi þróunarríkjanna við að móta heimsmarkaðinn með landbúnaðarvörur. Búist er við að

fólksfjölgun og auknar tekjur, ásamt þéttbýlismyndun og aukinni fjölbreytni mataræðis, muni valda viðbótareftirspurn og leiða til breytinga í neytlusamsetningu matvæla, með hraðvaxandi hlutdeild dýraafurða.

Á fullmótuðum mörkuðum OECD ríkjanna er búist við að eftirspurn eftir matvælum muni aðeins vaxa hóflega. Við ákvörðun eftirspurnar er hlutverk eiginleika afurða og vinnslu, hvað varðar öryggi, gæði, umhverfi, velferð dýra, *o.s.frv.*, að verða áberandi miðað við breytingar á verði og tekjum.

Yfirstandandi breytingar á samsetningu matvælaiðnaðarins, sem einkennast af aukinni samþjöppun og hnattvæðingu, og breytingum á stjórnun fæðukeðja, svo sem vaxandi hlutverki afurðastaðla og lóðréttrar samræmingar, eru líklegar til að halda áfram út tímabilið sem horfurnar ná yfir. Til viðbótar við innanlands- og viðskiptastefnur, og umbætur á stefnu, fer mikilvægi þessara breytinga vaxandi fyrir langtímahorfur um landbúnaðarmarkaði og –viðskipti.

Horfurnar eru ekki án óvissu. Aðstæður hvað varðar efnahag og stefnu munu líklega verða frábrugðnar því sem gengið er út frá í þessari skýrslu. Sérstaklega myndi hagstæð útkoma Doha-lotunnar í viðskiptaviðræðum bæta viðskiptahorfur. Einng gæti áætlað met hvað lága birgðastöðu korns varðar, gert kornverð óstöðugra og haft áhrif á fæðuöryggi á heimsvísu. Með vaxandi mikilvægi Kína og Indlands á heimsmörkuðum, gætu lítil áföll í annað hvort eftirspurn eða framboði í þessum stóru ríkjum leitt til umtalsverðrar ytri aðlögunar. Útbreiðsla dýrasjúkdóma gæti einnig verið þýðingarmikil uppspretta óvissu.

© OECD/FAO 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD**  
**[www.oecd.org/bookshop/](http://www.oecd.org/bookshop/)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

[rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org)

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal  
75116 Paris  
France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

